

Fylgstu með brjóstunum og þekktu einkennin

Því fyrr sem brjóstakrabbamein finnst, því líklegri er góður árangur af meðferð. Fylgstu vel með brjóstum og handarkrikum. Skoðaðu og þreifðu reglulega. Þekktu líkama þinn, þá tekur þú frekar eftir breytingum. Gott er að vera við spegil.

Í flestum tilfellum er einkenni þó ekki vegna krabba-meins en mikilvægt er að fá úr því skorið.

Ef þú verður vör við þessi eða önnur einkenni skaltu hafa samband við heimilislækni eða Brjóstamiðstöð Landspítala í síma 543 9560 eða með tölvupósti á netfangið brjostamidstod@landspitali.is.

Ekki gleyma skimun, það er mikilvægt að mæta þegar þú færð boð!


Nánari upplýsingar: krabb.is/einkenni-brjost




Hnútur eða fyrirferð í brjósti, ofar á bringu eða í handarkrika



Útbrot, hreistrug húð eða sár sem ekki grær á geirvörtu eða í kringum hana



Vökvi fer að leka úr geirvörtu



Roði, hiti, bólga eða litabreytingar í húð



Áferðarbreyting á húð, er t.d. ójöfn



Breytingar á geirvörtu t.d. að hún hafi dregist inn



Breytingar á lögun eða stærð brjósts